



## **2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2013 - 2014 haldinn föstudaginn 18. okt. 2013 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Sigrún Gísladóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Fundinn sátu einnig Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara, Agnes Alda Magnúsdóttir fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Fundargerð 1. fundar skólanefndar á skólaárinu hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

### **1. Fjárlagafrumvarp 2013 - bréf til ráðherra**

Í máli skólameistara kom fram að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er ekki verið að skera niður, enda af engu að taka nema þá launum. Skólanefndir framhaldsskólanna hafa rætt um að senda bréf til fjárlaganefndar vegna stöðu skólanna en þeir hafa þurft lengi að þola niðurskurð. Skólanefndarmenn voru á einu máli um að senda bréf vegna stöðu mála.

### **2. Fjármál skólans**

Rekstur skólans er að mestu samkvæmt áætlun en þó er ástæða til að hafa áhyggjur af launakostnaði. Skiptir þar mestu að skólinn fær veikindi starfsmanna ekki bætt.

### **3. Staða skólans gagnvart Garðabæ**

Ósk bæjarstjórnar Garðabæjar um að rekstur FG fari á hendur bæjarins er enn í skoðun og verið er að vinna að málinu á sveitarstjórnarstiginu. Samvinna er töluverð milli skólastiga og skóla og hefur hún gengið vel. Samstarfshópur á vegum menna- og menningarmálaráðuneytisins sem ráðherra síðustu ríkisstjórnar boðaði mun væntanlega taka til starfa innan skamms. Í þeim starfshópi eiga bæði bæjarstjórn og skólinn fulltrúa. Fullur vilji er hjá bæjarstjórninni en vanda þarf til verka. Sérstakt Comeniusarverkefni um samstarf milli skóla í bæjarfélaginu (Reginal cooperation) er í gangi.

### **4. Önnur mál**

- a. Skólameistari sagði frá ferð starfsmanna FG til Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum. Þar voru heimsóttir háskóli (West-Virginia University) og framhaldsskóli (Morgantown High School). Ferðin var ákaflega vel heppnuð. Svo skemmtilega vildi til að flugstjóri í ferðinni til USA var Sigríður Einarsdóttir sem situr í skólanefndinni fyrir hönd foreldra.
- b. Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG sagði frá félagslífi skólans.

Fundi slitið kl.13:15.

**Næsti fundur: 6.desember. Áætlun fyrir fundi skólanefndar á vorönn 2014 verður lögð fram á næsta fundi.**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.